

Kennsluleiðbeiningar

„Þú átt rétt á að vera þú“

Kaflinn „Líkami þinn“ fjallar um kynferðislegt ofbeldi og mikilvægi þess að börn sem upplifa ofbeldi segi fullorðnum frá því. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. [Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „Ég veit“](#):

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera [hér](#).

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Kennsluferlið byggir á þættinum „Tvöfalt líf“ úr seríu norska sjónvarpsins „Lík mér“. Í þættinum kynnumst við Arin sem finnst erfitt að finna jafnvægi á milli gilda fjölskyldunnar og lífsins með vinunum. Í kaflanum er eftirfarandi efni:

1. Horfið á þáttinn „Tvöfalt líf“.

Í þættinum „Tvöfalt líf“ úr seríu norska sjónvarpsins „Lík mér“ kynnumst við Arin. Arin þykir vænt um fjölskyldu sína og langar að foreldrar hennar séu stolt af henni en hún upplifir líka togstreitu. Hana langar að búa við sama frelsi og vinir hennar en hún vill ekki valda foreldrum sínum vonbrigðum. Í þessum þætti er henni boðið að gista þar sem verða bæði stúlkur og drengir en það stríðir gegn þeim gildum sem foreldrar Arin vilja að hún lifi eftir. Hvernig getur hún leyst þetta vandamál?

2. Tölum saman

Umræðuspurningar sem geta verið grunnur að sameiginlegri ígrundun nemendahópsins þegar börnin hafa horft á þáttinn um Arin. „Tölum saman“ inniheldur eftirfarandi spurningar sem geta hjálpað nemendahópnum að hugleiða söguna, ræða hana og skilja efni hennar:

- Hvers vegna finnst Arin erfitt að spyrja foreldrana um leyfi til að gista með vinum sínum?
- Hvernig haldið þið að Arin líði þegar hún fær ekki leyfi til að gista með hinum?

- Hvers vegna ákveður Arin að fara samt, þó að hún megi það ekki?
- Hvers vegna ákveður Arin að fara fyrr heim?
- Hvernig haldið þið að það sé þegar foreldrarnir vilja að við högum okkur allt öðruvísi en vinir okkar gera?
- Hvers vegna er mikilvægt að skólinn sé öruggur staður sem okkur líður vel á, þegar við eigum erfitt heima?
- Hvað getum við gert til að skólinn verði öruggur staður þar sem öllum getur liðið vel?
- Í lok þáttarins talar maður í neðanjarðarlestinni niðrandi um múslíma og spyr Arin hvort hún sé með sprengju í töskunni. Hvernig haldið þið að Arin líði þegar hún heyrir þetta?
- Hvað getum við gert ef við verðum vitni að kynþáttafordómum? Hvaða áhrif getur það haft ef við gerum athugasemd við það sem okkur finnst ekki í lagi?

3. Lesum saman: „Þú átt rétt á að vera þú“

Í fræðslutextanum er fjallað um mismunandi birtingarmyndir neikvæðrar félagslegrar stjórnunar og áhersla lögð á mikilvægi þess að biðja um hjálp. Hér er gott að lesa textann með bekknum og ræða um hann.

4. Lesum saman: „Heiður og skömm“

Í fræðslutextanum er útskýrt hvers vegna heiður og skömm hafa mikla þýðingu í sumum fjölskyldum og hvaða afleiðingar það getur haft að verða fjölskyldunni „til skammar“. Textinn greinir líka frá því hvar hægt er að leita hjálpar ef barn býr við of strangar reglur heima. Hér er gott að lesa textann með bekknum og ræða um hann.

5. Verkefnablað nemenda

Verkefnablað til útprentunar með verkefnum fyrir nemendur. Mælt er með því að kennarinn prenti út eitt blað fyrir hvern nemanda. Verkefnablaðið getur hentað sem samantekt, þar sem nemendur fá tíma til að vinna áfram úr efni þemans. Hlustaðu gjarnan á hugsanleg samtöl nemenda á meðan þeir vinna verkefnin.